

Föstudaginn 18. apríl 1997.
 Nr. 1/1997. **Bandalag háskólamanna**
f.h. Félags fréttamanna
 (Ragnar Halldórsson hrl.)
 gegn
ríkissjóði Íslands
 (Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Kjarasamningur. Föst yfirvinna. Orlof. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Jóhann H. Níelsson, Gunnar Sæmundsson, Guðný Björnsdóttir, Guðmundur Skaftason og Sigurmar Albertsson

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu þingfestri 23. janúar 1997 og var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann 26. mars 1997.

Stefnandi máls þessa er Bandalag háskólamanna kt. 630387-2569, f.h. Félags fréttamanna kt. 630185-0849. Stefndi er ríkissjóður Íslands kt. 550169-2829.

Dómkröfur stefnanda eru að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi frá 1. febrúar 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fá greidda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda og að við ákvörðun hans verði tekið tillit til kostnaðar af virðisaukaskatti af lögmansþjónustu.

Stefndi hefur krafist þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til vara að miðað verði við annan upphafsdag greiðslanna, ef fallist verður á kröfu stefnanda um greiðslu orlofs. Þá krefst stefndi jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati Félagsdóms.

Með úrskurði dags. 28. janúar 1997 viku dómarnir Auður Þorbergsdóttir forseti Félagsdóms og Ingibjörg Benediktsdóttir sæti í máli þessu vegna tengsla við sakarefnið með vísan til 48. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1., 3., og 9. tl. 6. gr. laga nr. 75/1973. Jafnframt vék dómarnir Sigurður T. Magnússon sæti í málinu með hliðsjón af 1. og 9. tl. 6. gr. laga nr. 75/1973 og grunnraka g-liðs 5. gr. laga nr. 91/1991. Dómaranum Gylfa Knudsen var einnig gert að víkja sæti í málinu með vísan til 48. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1. og 9. tl. 6. gr. laga nr.

75/1973 vegna tengsla við sakarefnið. Varamennirnir Eggert Óskars-son og Kristjana Jónsdóttir viku einnig sæti úr réttinum með sér- stökum úrskurði uppkveðnum sama dag og af sömu ástæðu. Vara- maður Ingibjargar Benediktsdóttur, Guðný Björnsdóttir, skipar sæti hennar við meðferð málsins. Varamaður Sigurðar T. Magnússonar, Þorsteinn A. Jónsson, vék sæti vegna anna og í stað hans tók Sigur- mar K. Albertsson sæti í Félagsdómi. Með bréfi Hæstaréttar dags. 12. febrúar 1997 var Jóhann H. Níelsson skipaður forseti Félags- dóms við meðferð máls þessa. Jafnframt var Gunnar Sæmundsson skipaður til setu í dóminum við meðferð málsins.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að Félag fréttamanna sé eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamanna en Félag fréttamanna sé stéttarfélag sem hafi sjálfstæðan samningsrétt samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kaup og kjör félagsmanna sinna sem starfi hjá ríkinu og hafi síðast gert kjarasamning við stefnda 15. maí 1995. Með þeim samningi hafi tilteknum atriðum í eldri kjarasamningi að- ilar verið breytt, en samningurinn að öðru leyti framlengdur óbreytt- ur með gildistíma til 31. desember 1996. Nýr kjarasamningur hafi ekki verið gerður, en meðan svo sé beri að fara eftir hinum eldri kjarasamningi, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986.

Grein 4.2.1. í kjarasamningi aðila kveður stefndi vera svohljóð- andi: „Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álags- greiðslur skv. samningi þessum. Við 10 ára starfsaldur eða 40 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 18 ára starfsaldur eða 50 ára aldur skal hann fá 13,04%.“

Stefnandi kveður marga félagsmenn í Félagi fréttamanna sem starfi hjá Ríkisútvarpinu fá mánaðarlega greidda fasta yfirvinnu, þ.e. að þeir fái greitt fyrir tiltekinn vinnustundafjölda með yfir- vinnukaupi án skilyrða. Stefnandi kveður stefnda einnig greiða fjöl- mörgum opinberum starfsmönnum fasta mánaðarlega yfirvinnu og hafi svo verið um mjög langan tíma. Ýmist hafi ákvörðun um slíkar greiðslur verið tekin af fjármálaráðuneytinu að höfðu samráði við viðkomandi fagráðuneyti eða ríkisstofnun, eða byggst á ákvörðun kjaradóms eða kjaranefndar um launakjör þeirra starfsmanna ríkis- ins sem þeir stjórnýsluaðilar ákvarði launakjör. Í öllum slíkum til- vikum hafi stefndi þurft að ákveða hvort greitt skyldi orlof á föstu

yfirvinnuna, þar sem kjaradómur eða kjaranefnd hafi ekki tekið formlegar ákvarðanir um það efni, þó með þeirri undantekningu að kjaradómur hafi tekið sérstaka ákvörðun um þetta málefni í kjölfar dóms Félagsdóms frá 14. október 1996 í félagsdómsmáli nr. 14/1996.

Stefnandi kveður að með bréfi frá starfsmannaskrifstofu stefnda til Dómarafélags Íslands, sem hafi verið lagt fram í félagsdómsmálinu nr. 14/1996 frá 14. október 1996, komi fram að í öllum tilvikum þar sem greidd er föst mánaðarleg yfirvinna samkvæmt ákvörðun kjaranefndar, sé hún greidd alla mánuði ársins og auk þess sé greitt orlof af yfirvinnunni. Þetta eigi við um öll 92 starfsheitin af 96, þar sem greidd er föst mánaðarleg yfirvinna.

Stefnandi kveður margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að reyna að fá stefnda til að greiða orlofsfé á hinar föstu yfirvinnugreiðslur, en hann hafi reynt ófáanlegur til þess og dómur Félagsdóms 14. október 1996 í málinu nr. 14/1996: Dómarafélag Íslands gegn ríkissjóði Íslands, hafi í engu breytt þeirri afstöðu.

Stefndi kveður málavexti vera þá að umræddar yfirvinnugreiðslur hafi verið vegna viðbótarvinnutíma vegna undirbúnings utan vakta sem hafi byrjað á árinu 1985. Kröfur hafi komið fram um þessar yfirvinnugreiðslur á vegum samninganefndar Félags fréttamanna, sem útvarpstjóri hafi síðar komið bréflaga á framfæri við samninganefnd ríkisins með bréfi dags. 29. apríl 1985. Greiðslurnar hafi verið samþykktar sem 1 klukkustund fyrir hvern starfsdag m.v. fullt starf og eðlilega og vanalega vinnutilhögun. Stefndi kveður að af hans hálfu hafi verið samþykkt að launadeild fjármálaráðuneytisins annaðist og samþykkti greiðslurnar, enda tilkynnti Ríkisútvarpið mánaðarlega um frávik vegna tímabundinna fjarvista starfsmanna eða þegar forsendur greiðslanna væru ekki fyrir hendi af öðrum ástæðum, svo sem þegar önnur yfirvinna starfsmanns væri það mikil að eigi væri tilefni til að ætla að þessi undirbúningsvinna hefði verið unnin. Frá þessu sé m.a. greint í bréfi Fjármálaráðuneytisins dags. 2. maí 1985. Stefndi kveður það því vera ljóst að greiðslurnar hafi ekki verið án skilyrða, heldur hafi þær komið til vegna sérstaks vinnuframlags hvern starfsdag áður en vinnuvaka hófst, sem innt hafi verið af hendi og greitt hafi verið fyrir þann tíma sem starfsmaður hafi verið við störf, en ekki unnið eða greitt í orlofi. Útreikningur orlofs hafi farið fram þannig að í stað þess að greiða sérgreint orlofsfé á

tímanna og fella greiðslu þeirra niður orlofstímann, hafi sá kostur verið valinn til þæginda að greiða sama tímafjölda 12 mánuði ársins, en án sérgreinds orlofsfjár.

Þann 14. desember 1990 kveður stefndi hafa komið fram bréflaga kröfu Ríkisútvarpsins um að þessum vinnustundum yrði fjölgað í 2 klukkustundir fyrir hvern dag. Beiðnin hafi verið tekin fyrir og hafnað á fundi samninganefndar ríkisins, sbr. bréf stefnda dags. 25. janúar 1991.

Þá kveður stefndi að á fundi samstarfsnefndar aðila þann 15. júní 1994 hafi málið verið tekið fyrir og rætt hafi verið m.a. hvort fréttamenn fengju greidda yfirvinnu í orlofi. Í fundargerð frá 15. júní 1994 hafi verið bókað að orlof væri ekki greitt á ómælda yfirvinnu, en hún væri hins vegar greidd 12 mánuði ársins. Stefndi kveður að málið hafi enn verið tekið upp með bréfi stefnanda til útvarpstjóra dags. 19. maí 1995, þar sem farið hafi verið fram á að vinnuframlag fréttamanna utan vinnutíma yrði aukið og tvöfaldað frá því sem það hafi verið á þeim tíma, vegna gjörbreyttrar samkeppnisstöðu og nýrra aðstæðna á fjölmiðlamarkaði. Stefndi telur að með þessu hafi stefnendur lýst undirbúningstíma vegna vinnuvöku hvern starfsdag og þá átt við raunverulegt vinnuframlag. Á grundvelli þessa hafi greiðslur verið hækkaðar úr 21,67 tíma á mánuði í 25 tíma á mánuði frá og með 1. ágúst 1995. Sá tími hafi verið greiddur 12 mánuði á ári, án sérgreinds orlofsfjár.

III.

Málssókn stefnanda er einkum reist á eftirfarandi atriðum:

Stefnandi telur í fyrsta lagi að ákvæði greinar 4.2.1. í kjarasamningi Félags fréttamanna við stefnda kveði á um skyldu til að greiða orlof á yfirvinnu og álagsgreiðslur. Ákvarðanir stefnda um að greiða fyrir yfirvinnu með þeim hætti að greiða tiltekinn fjölda yfirvinnustunda á mánuði í stað þess að mæla raunverulega yfirvinnu á hverjum tíma með öðrum hætti, telur stefnandi verði að skýra svo að um sé að ræða greiðslur fyrir vinnu sem innt sé af hendi, þótt stefndi hafi við uppgjör hennar ákveðið að jafna henni niður á alla mánuði ársins. Stefnandi kveður augljóst að engin yfirvinna sé undanskilin í umræddu kjarasamningsákvæði, en slíkt hefði að sjálf-sögðu verið gert ef ætlun aðila hefði verið að semja um einhverjar slíkar takmarkanir á orlofsgreiðslum. Þá telur stefnandi að fyrir-

komulag yfirvinnugreiðslunnar, þ.e. hvort henni sé dreift niður á alla mánuði ársins eða hvort hún fari fram með einhverjum öðrum hætti, t.d. einni árlegri greiðslu, geti engu máli skipt í þessu sambandi. Stefnandi byggir á því, að skýra verði hið tilvitnaða ákvæði kjarasamningsins í samræmi við ákvæði 1. gr. orlofslaga nr. 30/1987, sbr. 7. gr. sömu laga, en samkvæmt þessum ákvæðum beri að greiða orlof af öllum launum.

Í öðru lagi byggir stefnandi á því að ýmsar starfsstéttir fái greitt fyrir svokallaðar gæsluvaktir, en alkunna sé að slíkar vaktir geti liðið án þess að viðkomandi starfsmenn séu kallaðir út til starfa. Stefnandi tekur fram að stefndi hafi greitt orlof á slíkar gæsluvaktarþóknanir í samræmi við ákvæði greinar 4.2.1. í kjarasamningnum.

Í þriðja lagi telur stefnandi að krafan um að fá orlof af fastri mánaðarlegri yfirvinnu þeirra starfsmanna stefnda sem málssókn þessi taki til með sama hætti og gert sé gagnvart öðrum opinberum starfsmönnum hjá ríki og sveitarfélögum, sem fái greidda fasta mánaðarlega yfirvinnu samkvæmt ákvörðun kjaradóms og kjaranefndar eða sambærilegra aðila að því er varðar starfsmenn sveitarfélaga, sé studd við jafnræðisregluna í 65. gr. gildandi stjórnarskrár og samsvarandi grundvallarreglu er áður hafi verið talin gilda sem og jafnræðisreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Stefnandi telur að í jafnræðisreglunni felist að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Stefnandi byggir á því að stefnda hafi verið skylt að reikna orlof af fastri mánaðarlegri yfirvinnu þeirra starfsmanna ríkisins sem málssókn þessi fjalli um á sama hátt og hann geri gagnvart þeim launþegum ríkisins sem fái greidda fasta mánaðarlega yfirvinnu samkvæmt ákvörðun kjaradóms eða kjaranefndar. Stefnda sé óheimilt að beita annars konar túlkun á kjaraákvörðun gagnvart þessum starfsmönnum sínum en t.d. þeim sem kjaradómur eða kjaranefnd ákveði laun. Engu máli geti skipt í því sambandi hvort ákvörðunin um hina föstu yfirvinnu hafi verið tekin inn í formlegan kjarasamning eða hvort hún hafi byggst á annars konar ákvörðun stjórnvalds um að greiða fasta yfirvinnu, en í hvoru tveggja slíkra tilvika sé um að ræða greiðslur fyrir yfirvinnu, og af þeim beri að greiða orlof samkvæmt grein 4.2.1. í kjarasamningi aðila og 1. gr. orlofslaga.

Þá byggir stefnandi á því í fjórða lagi að með dómi Félagsdóms 14. október 1996 hafi því verið slegið föstu að dómáramur skyldu fá

greitt orlof af fastri yfirvinnu, en kjaradómur hafi í ákvörðun sinni 12. nóvember 1993 um kjör þeirra kveðið svo á að um „orlof dómara skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur er greinir í aðalsamningi BHMR og ríkisins“. Stefnandi telur að þær reglur sem þarna hafi verið vísað til séu reglurnar í grein 4.2.1. í kjarasamningi Félagsfréttamanna og ríkisins. Það sé því ljóst að með dóminum hafi í raun verið útkljáð hvort greiða eigi orlof á fasta yfirvinnu þeirra ríkisstarfsmanna sem þetta samningsákvæði taki til, en niðurstaða dómsins hafi byggst á því að umrædda grein verði að skýra með hliðsjón af meginreglu 1. gr. orlofslaga nr. 30/1987. Stefnandi telur að það fái ekki staðist að eitt skuli gilda um þá starfsmenn sem málsókn þessi varði en annað um aðra ríkisstarfsmenn, eins og t.d. dómara. Þótt kjaradómur hafi síðar ákveðið launakjör dómara með öðrum hætti, geti það engu breytt um réttarstöðu þessara félagsmanna stefnanda að þessu leyti, þar sem ákvæði kjarasamnings þeirra um orlof á yfirvinnugreiðslur sé enn við lýði og óbreytt frá því sem lagt hafi verið til grundvallar í umræddum dómi Félagsdóms.

Sýknukrafa stefnda er einkum byggð á eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi byggir stefndi á ákvæði 4.2.1. í kjarasamningi stefnanda og stefnda. Ákvæðið sé hluti af kjarasamningi aðila og hafi verið í gildi allan þann tíma sem félagsmenn stefnanda hafi fengið greiddar sérstakar yfirvinnustundir alla mánuði ársins. Kjarasamningurinn hafi margsinnis verið endurnýjaður á þessu tímabili. Stefnandi hafi ekki haldið því fram þann tíma að fyrirkomulag á greiðslu hinnar sérstöku yfirvinnu væri andstæð grein 4.2.1. kjarasamningsins.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að grein 4.2.1. veiti félagsmönnum stefnanda ekki betri rétt til orlofslauna en leiða myndi af orlofslögum. Ákvæðið sé því í reynd sama efnis og 1. gr. orlofslaga. Þá hafi hinar sérstöku greiðslur ekki verið ákveðnar með sérstökum kjarasamningi, heldur með sérstöku samkomulagi stefnenda við útvarpstjóra og því líti álitamál um greiðslu orlofslauna af þeim einkum ákvæðum orlofslaga.

Þá bendir stefndi í þriðja lagi á meginreglu orlofslaga í 1. gr. þeirra laga og tekur fram að hún eigi við um hinar sérstöku yfirvinnustundir, sem greiddar voru félagsmönnum stefnenda vegna undirbúnings vakta. Í stað þess að greiða sérgreint orlofsfé á alla

tímanna og fella niður greiðslu þeirra orlofstímanna, hafi framkvæmdin verið sú að greiða sama tímafjölda alla mánuði ársins án sérgreinds orlofsfjár, sbr. 4. mgr. 7. gr. orlofslaga. Því hafi félagsmenn stefnanda fengið greitt orlofsfé á yfirvinnuna og væri það því andstætt meginreglu 5. mgr. 7. gr. orlofslaga að greiða orlofsfé sérstaklega af yfirvinnunni alla mánuði ársins. Ákvæði 3. mgr. 7. gr. orlofslaga að áunnin orlofslaun skuli greiða næsta virkan dag fyrir töku orlofs hafi því verið túlkuð á þann veg að í því fælist heimild til að greiða reglubundnar launagreiðslur alla mánuði ársins, hvort sem um væri að ræða dagvinnulaun eða önnur reglubundin laun mánaðarkaupsmanna. Ekki væri að finna í lögskýringargögnum nokkuð sem gæfi vísbendingu um að ákvæðið ætti aðeins við um orlofsfé á dagvinnulaun mánaðarkaupsmanna og því hafi hinar sérstöku greiðslur til fréttamanna sem málið snýst um verið hluti af reglubundnu mánaðarkaupi. Þótt ekki hafi verið farið fram á formlegt samþykki viðkomandi fréttamanna, hefði framkvæmdin ekki sætt andmælum í 12 ár. Því yrði að líta svo á, með hliðsjón af tilurð hinna sérstöku aukagreiðslna og framkvæmd þeirra, að samþykki af hálfu meirihluta félagsmanna hafi ætíð verið fyrir hendi, sbr. 4. mgr. 1. gr. orlofslaga.

Þá telur stefndi í fjórða lagi að málið sæti ekki úrlausn á grundvelli ákvæða stjórnisýslulaga eða að túlkun kjarasamnings velti á samanburði við kjör annarra stétta er taki laun með kjarasamningi eða eftir úrskurði kjaranefndar og kjaradóms. Þá telur stefndi ekki að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar eigi við um málið, þar sem samningsfrelsi á vinnumarkaði hefur ævinlega verið viðurkennt, sbr. beint ákvæði stjórnarskrárinnar í 2. mgr. 75. gr. hennar.

Stefndi telur í fimmta lagi dóm Félagsdóms frá 14. okt. 1996 í málinu nr. 14/1996: Dómarafélag Íslands gegn ríkissjóði ekki hafa forðæmisgildi, þar sem um annars konar ágreining hefði verið að ræða í því tilvik. Hjá dómurum hafi verið um að ræða ómælda yfirvinnu sem hafi verið fullnaðaruppgjör fyrir unna yfirvinnu hvort sem hún væri meiri eða minni. Hin fasta yfirvinna fréttamanna væri af öðrum toga spunnin, þar sem hún væri til undirbúnings hvernar fréttavaktar til að tryggja betri nýtingu starfstíma og markvissari vinnubragða eftir að á fréttavakt væri komið, sbr. bréf stefnda dags. 14. desember 1990.

Þá telur stefndi sig í sjötta lagi ekki kannast við að reynt hafi ver-

ið af hálfu stefnanda að fá greitt orlof af föstu yfirvinnunni. Því yrði að leggja til grundvallar tómlæti stefnanda um þá túlkun sem hann heldur fram í máli þessu. Hinn langi tími sem er liðinn frá því að greiðslurnar voru fyrst ákveðnar þar til þeirra var fyrst krafist, bendi til þess að aðilar hafi fram að því verið sammála um, að kröfur stefnanda ættu ekki við rök að styðjast. Þá telur stefndi að greiðslur þær sem stefnandi telur að greiða eigi af orlofsfé mánaðarlega eigi ekkert skylt við gæsluvaktir, sem séu sérstakar vaktir þar sem beðið sé útkalls.

Varakröfu sína byggir stefndi á því að líta verði svo á að með málsókn sinni hafi stefnandi afturkallað samþykki sitt við tilhögun greiðslanna, sbr. 4. mgr. 7. gr. orlofsлага. Málsókn fyrir Félagsdómi varðandi túlkun á kjarasamningi rjúfi ekki fyrningu krafna með þeim hætti sem kveðið sé á um í 11. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. 14. gr. orlofsлага. Því sé óraunhæft að leggja viðurkenningardóm á kröfu stefnanda miðað við tiltekinn upphafstíma. Verði hins vegar sú niðurstaðan telur stefndi að vegna tómlætis stefnanda og félagsmanna hans séu ekki rök til þess að viðurkenna umkrafinn rétt félagsmanna stefnanda nema frá dómsuppsögu eða þegar málið var höfðað.

IV.

Í greinargerð stefnda og munnlegum málflutningi hans var látið að því liggja að mál þetta ætti ekki undir lögsögu Félagsdóms, en krafa var ekki gerð um frávisun.

Báðir aðilar málsins byggja kröfur sínar á ákvæðum kjarasamnings sem er í gildi milli þeirra. Dómurinn telur með hliðsjón af framangreindu að skilyrðum 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 sé fullnægt og að Félagsdómur eigi dómvald í máli þessu.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um efni samnings stefnanda og stefnda um greiðslu orlofs af ómældri yfirvinnu þeirra félagsmanna Félagsfréttamanna sem starfa hjá Ríkisútvarpinu.

Stefnandi heldur því fram að ákvarðanir stefnda um að greiða fyrir yfirvinnu með þeim hætti að greiða tiltekinn fjölda yfirvinnustunda á mánuði í stað þess að mæla raunverulega unna yfirvinnu á hverjum tíma með öðrum hætti, verði að skýra svo að um sé að

ræða greiðslu fyrir vinnu sem innt hafi verið af hendi, þótt við uppgjör hennar hafi verið ákveðið að jafna henni niður á alla mánuði ársins. Stefnandi telur því að allar hinar mánaðarlegu greiðslur sem greiddar hafa verið félagsmönnum stefnanda hafi verið greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu og að á þær eigi að greiða orlof í samræmi við grein 4.2.1. í kjarasamningi aðilanna og 1. gr. laga um orlof nr. 30/1987.

Stefndi heldur því hins vegar fram að greiðslurnar hafi verið samþykktar þannig að mánaðarlegur tímafjöldi hafi verið reiknaður sem ein klukkustund fyrir hvern vinnudag ársins, miðað við hefðbundinn útreikning virkra vinnudaga í mánuði. Í stað þess að greiða sérgreint orlofsfé á yfirvinnutímana og fella orlof niður orlofstímann, hafi verið valinn til þæginda sá kostur að greiða sama tímafjöldann alla 12 mánuði ársins, en án sérgreinds orlofs.

Forsögu samnings aðila um greiðslu hinnar ómældu yfirvinnu félagsmanna stefnda, er að finna í bréfi útvarpstjóra til samninganefndar ríkisins dags. 29. apríl 1985 þar sem segir:

„Samkvæmt upplýsingum formanns samninganefndar ríkisins hefur samninganefnd Félags fréttamanna sett fram þá kröfu í viðræðum um sérkjarasamning að fá ómældan undirbúningstíma utan vakta metin (sic) til launa. Ríkisútvarpið telur auðsætt að til þess að fréttamenn geti gengið beint til starfa sinna í upphafi hverrar vinnuvöku þurfi þeir að verja hluta af frítíma sínum til að fylgjast faglega með vali og framsetningu fréttanna í fréttatímum hljóðvarps og sjónvarps. Ella yrði ekki tryggt það nauðsynlega samræmi í meðferð fréttanna í dagskrá Ríkisútvarpsins frá einni vakt til annarrar, sem jafnan þarf að vera fyrir hendi.“ (dskj. nr. 23).

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til útvarpstjóra Ríkisútvarpsins dags. 2. maí 1985 var tekið fram að samþykkt hafi verið að greiða ómælda yfirvinnu vegna undirbúnings undir fréttavaktir, en bréfið er á þessa leið:

„Eins og fram kom á þeim fundum sem haldnir hafa verið um vinnutíma fréttamanna og þér staðfestið í bréfi yðar telur stofnunin nauðsynlegt og hefur lagt þá kvöð á þessa starfsmenn, að þeir verji tíma utan vaktar í undirbúning, lestur blaða og fleira í þeim tilgangi að tryggja betri nýtingu starfstíma og markvissari vinnubrögð eftir að á fréttavakt er komið.

Samkomulag var orðið um að vinnuframlag þetta skyldi metið til

jafnaðar 1 klst. á dag. Var þá miðað við fullt starf og eðlilega og vanalega vinnutilhögun.

Ríkisútvarpið hafði óskað eftir því að launadeild fjármálaráðuneytisins annaðist greiðslur þessar og hafði verið fallist á það enda tilkynni stofnunin mánaðarlega um frávík, sem gera á í þessu efni vegna tímabundinna fjarvista starfsmanna eða að forsendur til þessarar greiðslu séu ekki fyrir hendi af öðrum ástæðum til dæmis að önnur yfirvinna starfsmanns sé það mikil að eigi verði með réttu ætlað að þessi undirbúningsvinna hafi einnig verið unnin.“ (dskj. nr. 24)

Af bréfum þessum verður m.a. ráðið að samkomulag um greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu fréttamanna sem starfa hjá Ríkisútvarpinu hafi komist á um mánaðamótin apríl/maí 1985. Eins og fram kemur í bréfi fjármálaráðuneytisins tók launadeild fjármálaráðuneytisins að sér að annast greiðslur samkvæmt samkomulaginu. Af gögnum málsins má ráða að hin ómælda yfirvinna hefur verið greidd alla mánuði ársins án þess að greitt væri sérgreint orlofsfé inn á orlofsreikning líkt og gert var vegna hinnar mældu yfirvinnu.

Hinn 27. maí 1987 ritaði Félag fréttamanna samninganefnd ríkisins bréf þar sem tilkynnt var að félagið hefði samþykkt nýjan kjarasamning við fjármálaráðherra. Í bréfi þessu kemur m.a. fram að á fundi 26. mars 1987 hafi verið samþykkt samhljóða svofelld ályktun:

„Í ljósi nýrra aðstæðna á starfsvettvangi fréttamanna, er þrjár nýjar fréttastofur hafa bæst við hjá ljósvakafjölmíðlum, vill félagið leggja áherslu á að endurmat á fréttamannastarfinu sé óhjákvæmilegt.“ (dskj. nr. 26).

Ekki er í bréfi þessu gerð athugasemd við framkvæmd yfirvinnugreiðslna né orlofs á þær.

Þann 19. maí 1989 var samþykktur nýr kjarasamningur Félags fréttamanna við stefnda án þess að framkvæmd yfirvinnugreiðslna og orlofs á þær væri gagnrýnd eða athugasemd gerð við hana. Hinn 14. desember 1990 ritaði Markús Örn Antonsson þáverandi útvarpsþjóri svofellt bréf til launadeildar fjármálaráðuneytisins:

„Á vordögum 1985 fóru fram viðræður og bréfastkipti milli Ríkisútvarpsins og launadeildar fjármálaráðuneytisins um mat á vinnutíma fréttamanna utan reglubundinna vakta. Þá kom fram af hálfu stofnunarinnar, að hún teldi auðsætt að til þess að fréttamenn gætu gengið beint til starfa sinna í upphafi hverrar vinnuvöku þyrftu þeir

að verja hluta af frítíma sínum til að fylgjast faglega með vali og framsetningu fréttu í fréttatímum Útvarps og Sjónvarps auk dagblaða.

Með bréfi launadeildarinnar dagsettu 2. maí 1985, undirrituðu af Indriða H. Þorlákssyni, var staðfestur sá skilningur að stofnunin hefði lagt þá kvöð á fréttamenn, að þeir verðu tíma utan vaktar í undirbúning, lestur blaða og fleira í þeim tilgangi að tryggja betri nýtingu starfstíma og markvissari vinnubrögð eftir að á fréttavakt væri komið. Ennfremur að samkomulag hefði orðið um að meta þetta vinnuframlag til jafnaðar 1 klst. á dag, sbr. meðfylgjandi ljósrit.

Frá því að þetta var gert hafa aðstæður hjá fréttamönnum Ríkisútvarpsins, Útvarps og Sjónvarps, gjörbreytt vegna samkeppni frá nýjum útvarps- og sjónvarpsstöðvum og álag aukist til muna. Mjög miklar kröfur eru gerðar til þeirra um að fylgjast náið með fréttaplutningi þessara nýju fjölmiðla auk hinna, sem fyrir voru og efni bréfsins frá í maí 1985 tók til.

Ríkisútvarpið telur því rétt að vinnuframlag fréttamanna vegna undirbúnings milli vakta verði framvegis metið til jafnaðar 2 klst. á dag og taki sú tilhögun gildi frá og með næstu áramótum. Þess er jafnframt óskað, að launadeild fjármálaráðuneytisins annist greiðslur þessar með sama hætti og verið hefur.“ (dskj. nr. 28).

Framangreindu erindi um að vinnuframlag fréttamanna vegna undirbúnings milli vakta yrði framvegis 2 klukkustundir á dag var hafnað í bréfi fjármálaráðuneytisins dags. 25. janúar 1991. Ekki verður séð að framkvæmd greiðslnanna fyrir yfirvinnu og orlof af þeim hafi þá verið rædd.

Hinn 25. febrúar 1993 og 20. maí 1994 voru nýir kjarasamningar samþykktir án þess að séð verði að yfirvinnan og orlof af henni hafi borið á góma.

Hinn 19. maí 1995 ritaði Broddi Broddason fréttamaður, f.h. Félag fréttamanna, Heimi Steinssyni þáverandi útvarpstjóra svofellt bréf:

„Félag fréttamanna fer þess á leit við útvarpsstjóra að vinnuframlag fréttamanna utan vinnutíma verði endurmetið, og tvöfaldað frá því sem nú er, sbr. yfirlýsingu fjármálaráðuneytis frá 02.05.1985. Síðan þá hafa aðstæður fréttamanna Ríkisútvarpsins gjörbreytt vegna samkeppni frá nýjum útvarps- og sjónvarpsstöðvum og álag aukist

tíl muna. Það eitt að fylgjast með fréttum í okkar eigin miðlum og öðrum ALLA daga, tekur að lágmarki eina og hálfu klukkustund á dag. Að auki hefur margháttað heimaálag og kvabb aukist til muna.“ (dskj. nr. 34).

Frá og með 19. maí 1995 var greiðsla fyrir ómælda yfirvinnu fréttamanna hækkuð úr 21,67 klukkustundum á mánuði í 25 klukkustundir á mánuði. Ekki verður séð af gögnum málsins að breyting hafi orðið á framkvæmd greiðslna fyrir yfirvinnuna og orlof við þessa hækkun.

Hinn 17. janúar 1997 var gefin út réttarstefna í máli þessu og krafist viðurkenningar á skyldu ríkisins til þess að greiða orlof á fasta yfirvinnu frá 1. febrúar 1993. Útgáfa stefnunnar var tilkynnt í fjármálaráðuneytinu sama dag. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki séð að af hálfu Félags fréttamanna hafi fyrr verið gerð krafa um greiðslu orlofs á yfirvinnugreiðslur né gerð athugasemd við framkvæmd greiðslnanna.

Af framlögðum launaseðlum eins félagsmanns stefnda verður ráðið að launadeild fjármálaráðuneytisins hefur framkvæmt greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu á sama hátt og greiðslur fastra mánaðarlauna. Dómurinn telur að þessi framkvæmd greiðslnanna sé heimil skv. 4. mgr. 7. gr. orlofslaga nr. 30/1987, og skiptir hér ekki máli þótt viðmiðun við föstu launin sé á annan hátt hagað í öðrum tilvikum, svo sem t.d. varðandi iðgjöld til lífeyristrygginga.

Eins og málum er hér háttað verður að telja að sú skylda hvíli á stefnda að sýna fram á að greitt hafi verið orlof á hinar ómældu yfirvinnugreiðslur.

Þegar gögn málsins eru virt í heild sinni og höfð er í huga 12 ára framkvæmd á uppgjöri hinnar ómældu yfirvinnu og sú staðreynd að stefnandi mótmælti ekki framangreindri túlkun stefnanda allan þann tíma verður að líta svo á að stefndi hafi sýnt fram á að framkvæmd hans á samningnum hafi verið í samræmi við upphaflegt efni hans. Sú skoðun styrkist af því að launaseðlar og önnur uppgjörsgögn hafa frá upphafi borið með sér fullnaðaruppgjör af hendi stefnda og jafnframt því að á umræddu 12 ára tímabili hafi stefnandi a.m.k. fimm sinnum samþykkt á félagsfundum sínum kjarasamning milli stefnda og stefnanda, að því er virðist án mótmæla við framkvæmd orlofsgreiðslunnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir verða að hafna

kröfu stefnanda um að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi frá 1. febrúar 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir frá greidda. Eftir atvikum telst rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Viðurkenningarkröfu stefnanda er hafnað. Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Gunnars Sæmundssonar og Sigurmars Albertssonar.

Ákvæði gr. 4.2.1. í síðastgildandi kjarasamningi aðila frá 15. maí 1995, en eftir honum ber að fara uns nýr samningur hefur verið gerður, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986 um að orlofsfé skuli greiða á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningum, takmarkast ekki af öðrum ákvæðum samningsins. Yfirvinna telst skv. gr. 2.3.1. í samningnum sú vinna sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vinnuvöku starfsmanns, svo og vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé. Samkvæmt því sem fram kemur í bréfi útvarpsstjóra til samninganefndar ríkisins dags. 29. apríl 1985, sem stefndi hefur lagt fram í málinu, setti samninganefnd stefnanda fram þá kröfu í viðræðum um sérkjarasamning að fá ómældan undirbúningstíma utan vakta metinn til launa. Í bréfinu er síðan rakið viðhorf útvarpsstjóra til þeirrar kröfu, þ.e. að stofnunin teldi auðsætt að til þess að fréttamenn gætu gengið beint til vinnu sinnar í upphafi hverrar vinnuvöku þyrftu þeir að verja hluta af frítíma sínum til að fylgjast faglega með vali og framsetningu fréttu í fréttatímum hljóðvarps og sjónvarps. Í bréfi launadeildar fjármálaráðuneytisins frá 2. maí s.á., undirrituðu af þáverandi formanni samninganefndar stefnda, kemur svo fram að samkomulag hafi orðið um að vinnuframlag þetta skyldi metið til jafnaðar 1 klst. á dag, miðað við fullt starf og eðlilega vinnutilhögun. Af hálfu stefnanda er því ekki mótmælt að slíkt samkomulag hafi verið gert og raunar á því byggt svo sem í bréfi stefnanda til útvarpsstjóra frá 19. maí 1995. Samkomulag þetta sem gert var í tengslum við gerð kjarasamnings aðila og staðfest með bréfum telj-

um við ígildi kjarasamnings sem skoða beri sem hluta af kjarasamningi aðila. Samkvæmt því er yfirvinna sú sem í samkomulaginu greinir yfirvinna skv. samningnum og fellur undir gr. 4.2.1., þ.e. orlofslaun á að greiðast af henni.

Framangreind niðurstaða fær ennfremur stoð í því sem fram kemur í bréfum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá 25. júlí 1996 og borgarlögmanns í Reykjavík dags. 1. ágúst s.á. sem fyrir liggja í málinu en þar kemur fram að stefndi framkvæmir úrskurði kjaranefndar um greiðslu ákveðins fjölda stunda vegna yfirvinnu, starfsálags, óreglulegs vinnutíma o.fl. þannig, að greitt er fyrir alla mánuði ársins og orlofslaun eru reiknuð af þeim greiðslum öllum, og að sama framkvæmd er hjá Reykjavíkurborg varðandi fasta yfirvinna starfsmanna hennar. Ekki er fram komið að aðrar reglur gildi um þá starfsmenn stefnda sem fá fastar yfirvinnugreiðslur skv. samningum, nema félagsmenn stefnanda hjá Ríkisútvarpinu. Er því nærtækt að telja að þarna hafi stefndi skapað venju sem hann sé bundinn af gagnvart öðrum starfsmönnum sínum og breytir þar engu þótt framkvæmd hafi verið önnur gagnvart örfáum embættismönnum, þar á meðal nokkrum sem reyndust eiga rétt til orlofsfjár af slíkri yfirvinnu er þeir leituðu eftir honum.

Stefndi hefur í máli þessu haldið því fram að hann hafi fullnægt skyldu sinni til greiðslu orlofslauna af umræddum yfirvinnulaunum með því að greiða þau alla mánuði ársins, þ.e. einnig meðan starfsmaður er í orlofi. Slík greiðsluáðferð er andstæð gr. 4.2.1. í kjarasamningi aðila, þótt hún kunni að vera heimil að lögum. Þar sem svo hagar til ber stefndi sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi greitt orlofslaun af margnefndri yfirvinnu. Sú sönnun hefur honum ekki tekist og gegn því mælir m.a. að á launaseðlum starfsmanns eru launagreiðslur þessar nefndar yfirvinna, einnig meðan starfsmaður er í orlofi, sem bendir til þess að um sé að ræða yfirvinnu sem jafnað er niður á alla mánuði ársins eins og stefnandi heldur fram. Upphafleg tenging greiðslna þessara við dagvinnu starfsmanna sem nefnd er í bréfi launadeildar fjármálaráðuneytisins frá 2. maí 1985 nægir ekki til að breyta þessari niðurstöðu enda virðist hún hafa horfið úr sögunni í síðasta lagi er greiddum tímum var fjölgað í 25 á mánuði á árinu 1995.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið teljum við að taka beri til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á rétti félagsmanna

hans sem starfa hjá Ríkisútvarpinu til orlofslauna af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fá greidda. Eins og málið liggur fyrir dómnum af hálfu stefnanda teljum við hins vegar ekki unnt að kveða á um upphafstíma þess réttar.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.
